

## Skólaráð Þjósárskóla

Fundur haldinn fimmtudaginn 16. maí. 2013 í Þjósárskóla kl. 16:00

Mættir eru: Bolette Höeg Koch skólastjóri , Árdís Jónsdóttir og Bente Hansen fulltrúar kennara, Hrafnhildur Ágústsdóttir fulltrúi starfsmanna, Þóra Gylfadóttir og Ásmundur Lárusson fulltrúar foreldra. Sigurður A. Leifsson og Sigríður Lára Jónasdóttir fulltrúar nemenda og Ari Einarsson fulltrúi grenndarsamfélagsins.

1. Skóladagatal: Farið yfir dagatalið og reifaði skólastjóri ákvörðun varðandi vetrarfrí, ekki virðist grundvöllur fyrir að samræma það eins og mörgum finnst skynsamlegt. Vetrarfríð verður á sama tíma í uppsveitunum. Að venju urðu umræður nokkrar og voru flestir sammála um að oft væri vandræðagangur í sambandi við vetrarfríð. Skóladagatalið síðan samþykkt.
2. Innra mat skólans: Bolette sagði frá athugun í sambandi við nýtingu á kennslustundum. Hver kennari skráði hjá sér hvernig kennslustundir nýtast. Það reyndist vera um 90%.
3. Innleiðing nýrrar aðalnámskrár: Bolette sagði frá hugmynd um hvernig ný aðalnámskrá verður innleidd í Þjósárskóla en gerð hefur verið áætlun um það.
4. Önnur mál: Spurt var um tölvukennslu í skólanum og í framhaldi af því var rætt um tölvumál skólans. Talið mjög mikilvægt að nemendur læri fingrasetningu og uppsetningu ritgerða.  
Bolette sagði frá tillögum um með hvaða hætti skuli staðið að samskiptum skóla og trúfélaga á öllum skólastigum. Umræður urðu nokkrar í sambandi við málið.  
Skólastjóri stakk upp á að næsta vetur yrðu þrjú skólaráðsfundir.

Fundi slitið klukkan 16:45

Bente Hansen

Ari Einarsson

Ásmundur Lárusson

Þóra Gylfadóttir

Árdís Jónsdóttir

Bolette Höeg Koch

Hrafnhildur Ágústsdóttir

Sigurður A. Leifsson

Sigríður Lára Jónasdóttir